

KONUR ERU LÍKA
Í SJÁVARÚTVEGI



Fjárfestingar og hafið

IS Haf fjárfestingar slhf.





IS Haf skapar nýtt flæði fjármagns inn í haftengda starfsemi

Góð tímasetning til að fjárfesta í rótgróinni atvinnugrein í örum vexti



Hagfelld ytra umhverfi

- Vöxtur í grunnatvinnugrein sem byggir á sjálfbærri auðlind
- Hæsta arðsemi á heimsvísu í sjávarútvegi er á Íslandi
- 85% aukning útflutningstekna af haftengdri starfsemi áætluð á áratugnum
- Áhrif af hagsveiflu og ófriðarástandi á sjávarútveg lítill sbr. aðrar greinar



Hafsjór tækifæra

- Áhrifafjárfestingar í bættu kolefnisspori framleiðslu sem er nú þegar eitt það lægsta á heimsvísu
- Hröð aukning í eftirspurn eftir heilnæmum próteingjafa
- Vaxtartækifæri í hugverki sem byggir á stöðum sjávarútvegs
- Skölun og aukinn útflutningur haftengdra hátækni félaga á heimsmælikvarða



Þrautreynt teymi fjárfesta

- Öflugur hópur lífeyrissjóða í hluthafahópi sjóðsins
- Sameinaðir kraftar Útgerðarfélags Reykjavíkur og Íslandssjóða
- Öflun og ákvörðun fjárfestingakosta, virðisaukandi breytingar og eftirfylgni fjárfestinga leidd af aðilum með þekkingu á sjávarútvegi og á rekstri sjóða
- Reynslumikið fjárfestingaráð skipað fagaðilum

Tækifæri í lágu kolefnisspori og neysluaukningu fiskafurða

Mikil þekking til staðar á Íslandi og fjármagn til að fjárfesta á réttum tíma

Auðlind vex af auðlind – Úr 330 í 615 ma.kr. 2019-2030


- „Nýi sjávarútvegurinn“ eða fiskeldi og tengdar greinar stóð fyrir um 22% af heildarútflutningsverðmætum 2019 en mun standa fyrir 43% árið 2030
- Öflugt samspil sjávarútvegs- og tæknifyrirtækja áfram forsenda vaxtar

85%

aukning útflutningsvirðis í sjávarútvegi, fiskeldi og tengdum greinum næsta áratug

Heimild: Skýrsla Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins - Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi (maí 2021)

Útflutningsverðmæti næsta áratuginn




Hröð fólksfjölgun í heiminum kallar á aukna neyslu fiskafurða

- Fjölgun og aukin velsæld styður við aukna neyslu á hollum matvælum
- Manneldisstofnanir á heimsvísu ráðleggja aukna neyslu á fiski vegna mikilvægra næringarefna

24%

Fólksfjölgun næstu 30 ár eða úr 7,8 ma. í 9,7 ma. manns

Fólksfjölgun 1980-2050




Villtur fiskur er takmörkuð auðlind

- Aukning á sjávarafurðum kemur nær eingöngu úr fiskeldi og búist er við verðhækkunum á villtum fiski
- Hækkandi verð með aukinni eftirspurn fiskafurða vegna fólksfjölgunar, heilnæmi og lágs kolefnisspors framleiðslu

8x

framleiðsluaukning fiskelda á Íslandi á sl. 10 árum – Fyrirséður 62% vöxtur frá 2021-2023 m.v. útgefin leyfi

Veiddur villtur fiskur og fiskeldi á heimsvísu (1960-2018)




Kolefnisspor (CO₂) fisks margfalt lægra*

- Aukin meðvitund neytenda á kolefnisspori matvæla
- Ísland með sérstöðu á heimsvísu í lágu kolefnisspori framleiðslu fiskafurða til viðbótar við sjálfbæra nýtingarstefnu

20x

hærra kolefnisspor við framleiðslu hvers kíló af nautakjöti en fersks fisks

Kolefnisspor við framleiðslu (CO₂)





Lágt kolefnisspor eykur eftirspurn

Sjálfbærni og verðmætaaukning haldast í hendur – Ný störf skapast og innviðir styrkjast

- Kolefnisspor veiða á villtum fiski á Íslandi það lægsta á heimsvísu
- Arðbærasti sjávarútvegur í heiminum er á Íslandi, byggir á sjálfbærri nýtingarstefnu studd af rannsóknum og vottuðum veiðum
- Aukin eftirspurn neytenda á matvælum með lágu kolefnisspori keyrir hraðan vöxt fiskeldis og hækkun verðs á villtum fiski
- Bætt nýting afurða og orku eykur hagræði og skapar verðmæti
- Fjölbreytileg störf sem krefjast sérþekkingar skapast um land allt við fjárfestingu í haftengdri starfsemi
- Samfélög styrkjast enn frekar vegna nálægðar sjávarútvegsfyrirtækja og fiskeldis við nýsköpun og tækniþróun í greininni



CO₂ = 3 kg.

Kolefnisspor á kg. við framleiðslu

Hreyfiafl í sjálfbærni haftengdrar starfsemi

Mælanleg áhrif á sjálfbærni frá fjárfestingu til sölu
með skilgreindum árangursmælikvörðum (KPIs)



Umhverfi

- Lækkun kolefnisspors
- Minnkun sóunar
- Nýting orku



Félagslegir þættir

- Fjöldi sérfræðistarfa
- Kynjahlutföll í greininni og jafnlaunastefna
- Dreifing starfa á landsvísu



Stjórnarhættir

- Góðir stjórnarhættir
- Gagnsæ upplýsingagjöf
- Skýr mörk hagsmunaárekstra
- Samsetning stjórna
- Minnihlutavernd



Ábyrgar fjárfestingar og samfélagsábyrgð

Íslandssjóðir og Útgerðarfélag Reykjavíkur í fararbroddi

- Íslandssjóðir eru aðilar að UN-PRI og starfa samkvæmt stefnu um ábyrgar fjárfestingar
- Íslandssjóðir beita áhrifafjárfestingum á innlendum markaði
 - Skapa jákvæð og mælanleg áhrif á umhverfi og samfélag
- Íslandssjóðir stofnuðu fyrsta græna skuldabréfasjóðinn á Íslandi árið 2018
- Ábyrg og sjálfbær nýting auðlinda er þungamiðja í starfsemi ÚR og hefur félagið gefið út samfélagsskýrslu sl. 2 ár
- Afurðir ÚR með lægra kolefnisspor (CO₂) en meðaltal sambærilegra afurða á heimsvísu
- ÚR hefur unnið skipulagt að því að bæta UFS þætti í Grænlandi og komið að uppbyggingu innviða, menntunar og atvinnu



United Nations
Global Compact



 PRI | Principles for Responsible Investment



Ávinningur af djúpstæðri þekkingu á sjávarútvegi

Aðkoma Útgerðarfélags Reykjavíkur er fengur fyrir sjóðinn


- Kjölfestufjárfestir í Brim hf. með 44% hlut og var bókfært virði þess hlutar 278 m.eur. þann 31.12.2021
- Byggir á áratuga þekkingu og reynslu af sjávarútvegi, styrki stjórnun og öflugum mannauði
- Afurðir ÚR með lægra kolefnisspor (CO₂) en meðaltal sambærilegra afurða á heimsvísu
- Ábyrg og sjálfbær nýting auðlinda er þungamiðja starfsemi félagsins
- Gerir út 2 frystitogara og býr yfir um 3,5% af aflaheimildum á Íslandsmiðum



- Áhersla á haftengda verðmætaaukningu með fjárfestingu í nýsköpun, fullnýtingu og tækniþróun



Kolefnisspor á kg. við framleiðslu (CO₂)



Lykiltölur 2021



77 m.eur.
Rekstrartekjur



26,3 m.eur.
Hagnaður



500 m.eur.
Eignir




249 m.eur.
Eigið fé



54%
Eiginfjárlutfall



89
Stöðugildi



Áhættu dreift meðal fimm flokka haftengdrar stafsemi

Fjárfestingar IS Hafs og meðfjárfestingar

- Stærð sjóðs verður 10 ma.kr. en fjárfestingargeta hluthafahóps nemur margfaldri stærð sjóðsins
- Heildarfjárfesting m.t.t. meðfjárfestinga áætluð á bilinu 30-60 ma.kr.
- Fjárfestir í óskráðum hlutabréfum, skuldabréfum og breytanlegum skuldabréfum
 - Getur fjárfest í hlutabréfum í aðdraganda skráningar
 - Möguleiki á erlendum fjárfestingum í haftengdri starfsemi
- Áhersla á haftengdar fjárfestingar á vaxtarskeiði en möguleiki á fjárfestingum á þróunarskeiði
- Útganga í formi beinnar sölu fjárfestinga eða skráningar á markað
- Fjöldi fjárfestinga 8-15

Fjárfest í breiðu mengi haftengdrar starfsemi

Verðmætaaukning í slagkrafti samlegðar, skölunar, stærðarhagkvæmni og þekkingaryfirfærslu

Hráefni



Útgerðir, fiskvinnsla og fiskeldi

- Sjálfbærar veiðar á villtum fiski takmörkuð auðlind með vaxandi eftirspurn
- Hraður vöxtur sjó- og landeldis mætir vöntun á fiskpróteini

Haftengd tækni



Þróun og framleiðsla á haftengdri hátækni á heimsælikvarða

- Lágmarkun kolefnisspors með umbyltingu í kælitækni og þróun fiskvinnsluvéla
- Önnur tækni sem minnkar sóun og eykur hagræði í rekstri

Innviðir og þjónusta við fiskeldi og sjávarútveg



Hraður vöxtur í fiskeldi krefst uppbyggingar innviða og þjónustu

- Framleiðsla fóðurs úr slógi hvítfishs til lækkunar kolefnisspors eldisafurða
- Sláturhús og kassagerð
- Heildræn slippþjónusta
- Orkuskipti í sjávarútvegi

Sala, ráðgjöf og markaðsstarfsemi



Slagkraftur í stærri sölu- og markaðseiningum fyrir hvítfish og lax

- Stærðarhagkvæmni í útlutningi og markaðssetningu afurða
- Sameiginleg vörumerkjauppbygging til hækkunar verðs lykilafurða
- Miðlæg ráðgjöf og bókhald á kolefnisspori framleiðenda

Sjávarlíftækni



Verðmætasköpun með fullnýtingu hráefnis

- Aukin verðmæli sjávarafurða með nýsköpun í sjávarlíftækni
- Lífrænar heilbrigðisvörur til útflutnings
- Virðisaukandi fullnýting afurða til manneldis og matvælaframleiðslu

Samspil Íslandssjóða, ÚR og fjárfestingaráðs

Skýrt hlutverk sterkra stoða sjóðsins

Útgerðarfélag Reykjavíkur er kjölfestufjárfestir og ráðgjafi

- 20% hluthafi með sæti í fjárfestingaráði
- Ráðgjafasamningur við Íslandssjóði um öflun og greiningu fjárfestingakosta
- Stjórnarseta og eftirfylgni fjárfestinga á líftíma sjóðsins

Íslandssjóðir bera ábyrgð á rekstri og stýringu sjóðsins

- Rekstraraðili sjóðsins, sjóðstjórn, reikningshald og uppgjör
- Gagnaumsýsla og skjalagerð
- Utanumhald og þjónusta við fjárfestingaráð og hagsmunaráð
- Áhættustýring, eftirlit og samskipti við eftirlitsaðla
- Upplýsingagjöf til fjárfesta og gengisútreikningur

Fjárfestingaráð fer með ákvörðunarvald um fjárfestingar

- Fimm manna fjárfestingaráð skipað fagaðilum
- Samþykki fjögurra aðila ráðsins þarf til að staðfesta fjárfestingaákvörðanir og eignasölu
- Tilnefnt af ábyrgðaraðila og staðfest af hluthöfum

Fjárfestingateymi með reynslu úr sjávarútveg og sjóðastýringu

Sameinuð þekking Útgerðarfélags Reykjavíkur og Íslandssjóða



**Runólfur Viðar
Guðmundsson**

Framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. síðan september 2018, þar áður fjármálastjóri og aðstoðamaður forstjóra ÚR frá 2010. Starfaði á íslenskum fjármálamarkaði frá 2006 til 2009. Vann frá árinu 1989 til 2006 við fjölmörg störf tengdum íslenskum sjávarútvegi. Próf í verðbréfaviðskiptum.



Jónas Engilbertsson

Jónas hefur starfað við rekstur og fjárfestingar í sjávarútvegi og markaðssetningu sjávarafurða víða um heim síðan árið 1999, lengst af í félögum Icelandic Group en síðan 2014 í ýmsum félögum tengdum Útgerðarfélagi Reykjavíkur.



**Krístrún Auður
Viðarsdóttir**

Hjá Íslandssjóðum síðan í mars 2017. Starfaði áður í 8 ár hjá Íslandsbanka á fyrirtækjasviði, VÍB og á skrifstofu bankastjóra. Vann hjá Citigroup Wealth Management í New York og London 2004-2007. Starfaði áður við hugbúnaðargerð. B.Sc. og M.Sc. í tölvunarfræði og MBA frá Boston University. Próf í verðbréfa- viðskiptum.



Brynjólfur Eyjólfsson

Með umtalsverða reynslu af störfum við og fyrir íslenskan sjávarútveg sem stjórnandi, sérfræðingur og ráðgjafi. Áður framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs HB Granda og ráðgjafi hjá PwC, ParX og Capacent. M.Sc. í Sjávarútvegsfræði frá HÍ og M.Sc. í Alþjóðaviðskiptum frá Norwegian School of Economics.



**Kjartan Smári
Höskuldsson**

Framkvæmdastjóri Íslandssjóða í október 2016. Starfaði áður við eignastýringu í 13 ár, lengst af sem stjórnandi í ráðgjöf og þjónustu til fagfjárfesta og fjármögnun sérhæfðra verkefna. Meistaragráða í alþjóðaviðskiptum frá UAB háskóla í Barcelona. Próf í verðbréfaviðskiptum.



Birgir Ottó Hillers

Hjá Íslandssjóðum síðan 2015. Starfaði áður hjá Fjármálaeftirlitinu og Íslandsbanka. Hann hefur starfað við lögfræðistörf á fjármálamarkaði síðan 2009. Lögfræðingur með M.L. og B.A. frá Lagadeild Háskólans í Reykjavík og er með málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi.

Fjárfestingaráð skipað fagaðilum tengdum greininni

Breiður bakgrunnur og viðtæk reynsla í greiningu og eftirfylgni fjárfestinga



Kjartan Ólafsson

Stjórnarformaður Arnarlax síðan 2014. Stofnaði Markó Partners árið 2009 sem sérhæfir sig í ráðgjöf á sviði sjávarútvegs t.a.m. við kaup og sölu fyrirtækja og eignarhluta. Vann áður hjá FBA og Íslandsbanka í fjármálaráðgjöf með áherslu á sjávarútveg. MS í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum í Tromsø.



Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri Fiskiðnar og Marel á Íslandi. Áður yfirmaður vöruþróunar hjá Marel á Íslandi og í Bretlandi. Hefur starfað hjá Marel í 10 ár. Vann áður hjá Eyri Invest og hefur verið í ýmsum verkefnum tengdum nýsköpun auk stjórnarsetu. Meistaragráða í verkfræði. Próf í verðbréfiðskiptum.



Runólfur Viðar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. síðan september 2018, þar áður fjármálastjóri og aðstoðamaður forstjóra ÚR frá 2010. Starfaði á fjármálamarkaði frá 2006 til 2009. Vann frá árinu 1989 til 2006 við fjölmörg störf tengdum íslenskum sjávarútvegi. Próf í verðbréfiðskiptum.



Guðmundur Fertram Sigurjónsson

Forstjóri og stofnandi Kerecis. Hefur starfað við tækni- og viðskiptaþróun á sviði lækningavara, endurnýjanlegrar orku og fjártækni. Situr m.a. í stjórn Vísinda- og tækniráðs, Indó og Samtaka líf- og heilbrigðistæknifyrirtækja. Framkvöðull Ernst&Young 2021. BS í efnafræði frá HÍ og M.Eng. frá Danska Tækniháskólanum.



Guðlaug Kristinsdóttir

Framkvæmdastjóri Stekks Fjárfestingarfélags frá árinu 2010. Stjórnarformaður Securitas og Límtré Vírnets, sat áður í stjórn Kviku Eigarstýringar frá 2012-2021 og sem formaður 2018-2021. Vann hjá Deutsche Bank 2003 - 2007 í hrávöruviðskiptum. BS og MBA frá New York University með áherslu á fjármálafræði og hagfræði.



UFS vinna samþætt inn í ferli frá greiningu fjárfestinga til sölu

Markviss greining UFS þátta, innleiðing markmiða og eftirfylgni

Fjárfestingaferli við ákvarðanatöku

- Við greiningu tækifæra verða UFS þættir skoðaðir strax í forkönnun af fjárfestingateyminu, sem hefur nýlokið við ESG námskeið PRI
- Ef niðurstaða skoðunar er á þá leið að UFS þættir eru metnir óásættanlegir leiðir það til útilokunar á fjárfestingarkostinum
- Ef tækifæri kemst áfram í áreiðanleikakönnun, þá er framkvæmd ítarleg greining á UFS þáttum í samræmi við stefnu Íslandssjóða, ÚR og aðferðafræði IS Haf. Þessi vinna er unnin í samstarfi við sérfræðing í sjálfbærnimálum
- Ef ákveðið er að fara í fjárfestingu þá er skilgreining á UFS árangursmælikvörðum (KPIs) og viðeigandi mælingum á þeim lokið sem hluti af annari skjalagerð

Úrvinnsluferli – Virðisaukning fjárfestinga

- Þegar fjárfesting hefur verið kláruð eru markmið sett fyrir þá UFS árangursmælikvarða sem skilgreindir voru í fjárfestingaferlinu, í samvinnu við stjórn og stjórnendur félags
- Gerð aðgerðaáætlunar fyrir UFS markmið eru hluti af greiningu á virðisauka fyrir hverja fjárfestingu
- Innleiðing aðgerða skipulögð með stjórnendum og verður undir reglulegu eftirliti
- Þekkingaryfirfærsla verður á UFS árangri innan eignarsafns þar sem við á
- Upplýsingagjöf til fjárfesta um árangur UFS markmiða hverjar fjárfestingar fer fram ársfjórðungslega sem hluti af yfirlitsskýrslu um eignasafn sjóðsins



Tækifæri til fjárfestinga inn í grein í hröðum vexti

Skapar nýtt flæði fjármagns inn í lykilgrein þjóðarinnar

1. Hraður vöxtur haftengdrar starfsemi skapar hafsjó tækifæra
2. Ísland spilar hlutverk Kísildals sjávarútvegsins á heimsvísu
3. Líkur á árangri eru hámarkaðar með samstarfi eins fremsta sjávarútvegsfyrirtækis og sjóðastýringarfélags landsins
4. Sérstaða Íslands er algjör hvað varðar hæstu arðsemi fiskveiða á heimsvísu og er landið leiðandi í sjálfbærum sjávarútvegi og tækniþróun



Íslandssjóðir

